

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Fjallabyggðar, nr. 138/2018, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 8. gr. samþykktarinnar:

Á eftir 2. mgr. 8. gr. bætast við þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Bæjarstjórnarfundur er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti bæjarfulltrúa eða allir taki þátt með rafrænum hætti. Bæjarfulltrúa er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum bæjarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar bæjarfulltrúi tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innanlands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og bæjarfulltrúar skv. 3. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 2. gr.

l-liður II. kafla 15. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

*Um undirritun fundargerða fjarfunda.* Ef haldinn hefur verið símafundur undirritar bæjarfulltrúi/nefndarmaður sem ekki var viðstaddur á fundarstað, fundargerð á næsta fundi bæjarstjórnar/nefndar. Hafi fundurinn verið rafrænn er heimilt að fundargerð verði undirrituð með rafrænum hætti og/eða að hún verði staðfest með tölvupósti. Að öðru leyti gilda leiðbeiningar ráðherra um ritun fundargerða, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 3. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 35. gr. samþykktarinnar kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur bæjarstjórn, á grundvelli ákvæða í samþykkt þessari eða í sérstökum viðauka með samþykktinni, falið kjörnum nefndum sem taldar eru upp í 46. gr. samþykktar þessarar fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka á þeirra verksviði nema að slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til tóku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett. Þá er heimildin háð því að lög eða eðli málsins mæli ekki gegn henni og að viðkomandi mál varði ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun viðkomandi málaflokks og rúmast innan fjárheimildar nefndarinnar.

#### 4. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fjallabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 19. október 2021.*

F. h. r.

**Guðni Geir Einarsson.**

*Hafdís Gísladóttir.*